

Faggildingarsvið Hugverkastofu

16 524

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Faggildingarsvið Hugverkastofu
kt. 520319-2120
Katrínartún 4, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Faggildingarsvið Hugverkastofu er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Faggildingarsvið er sjálfstætt starfandi svið innan Hugverkastofunnar og er starfsemi þess fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Faggildingarsvið ber einnig nafnið ISAC sem er skammstöfun á ensku heiti sviðsins, Icelandic Board for Technical Accreditation.

Helstu verkefni eru vegna faggildingar en sviðið hefur einnig það verkefni að meta tilnefnda aðila og annast málefni er lúta að reglum OECD um góðar starfsvenjur við rannsóknir (GLP).

Starfsemin fellur undir málefnavið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 60,3 milljónir og afkoma kr. 6,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 28,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 35,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Faggildingarsviðs Hugverkastofu fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	43.800.000	44.900.000
Aðrar tekjur		16.166.781	13.829.196
Framlög og ýmsar tekjur	3	0	4.402.222
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	323.071	216.598
Tekjur samtals		60.289.852	63.348.016
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	29.771.756	28.292.866
Annar rekstrarkostnaður	5	23.716.619	18.537.957
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		7.513	3.217
Afskriftir og niðurfærslur	6	323.071	216.598
Gjöld samtals		53.818.959	47.050.638
Afkoma ársins		6.470.893	16.297.378

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé		878.407	842.967
Viðskiptakröfur		6.961.087	6.891.262
Tengdir aðilar	7	27.453.635	21.702.192
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	581.662	182.404
Eignir samtals		<u>35.874.791</u>	<u>29.618.825</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		208.481	1.502.377
Ýmsar skammtímaskuldir	9	5.512.936	4.710.896
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	1.795.103	1.518.174
Skuldir samtals		<u>7.516.520</u>	<u>7.731.447</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		28.358.271	21.887.378
Eigið fé			
Hrein eign	11	28.358.271	21.887.378
Eigið fé samtals		<u>28.358.271</u>	<u>21.887.378</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>35.874.791</u>	<u>29.618.825</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		6.470.893	16.297.378
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	323.071	216.598
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(323.071)</u>	<u>(216.598)</u>
		6.470.893	16.297.378
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(69.825)	(5.636.112)
Tengdir aðilar		(5.873.772)	(8.738.650)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(491.856)</u>	<u>(3.001.118)</u>
		(6.435.453)	(17.375.880)
		<u>35.440</u>	<u>(1.078.502)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(722.329)</u>	<u>(35.920)</u>
		(722.329)	(35.920)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		122.329	0
Fjárfestingarframlag		<u>600.000</u>	<u>35.920</u>
		722.329	35.920
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		35.440	(1.078.502)
		<u>842.967</u>	<u>1.921.469</u>
		<u>878.407</u>	<u>842.967</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	43.800.000	600.000	44.400.000
Fjáraukalög	0	0	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	43.800.000	600.000	44.400.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Fjárveiting ársins	43.800.000	600.000	44.400.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	21.887.378	1.335.770	23.223.148
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	65.687.378	1.935.770	67.623.148
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(37.329.107)	(722.329)	(38.051.436)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	28.358.271	1.213.441	29.571.712

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	43.800.000	44.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	323.071	216.598
	44.123.071	45.116.598

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	43.800.000	0	0	43.800.000
Fjárukalög	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	43.800.000	0	0	43.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(37.329.107)	0	0	(37.329.107)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	6.470.893	0	0	6.470.893

	2023	2022
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	4.402.222
	0	4.402.222

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	23.541.937	23.023.017
Orlof, breyting	802.040	(24.036)
Launatengd gjöld	5.312.779	5.253.885
Starfsmannakostnaður	115.000	40.000
	29.771.756	28.292.866
Meðalfjöldi stöðugilda	1,8	1,9

5 Annar rekstrarkostnaður

Ýmis tæki og áhöld	205.570	31.636
Matvæli	88.395	161.933
Vörukaup, almenn	293.965	193.569
Fundir, námskeið, risna	1.713.203	2.451.984
Ferðir, uppihald	3.415.803	2.780.513
Akstur	146.796	67.092
Sérfræðiþjónusta	12.343.441	9.674.106
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	29.642	24.915
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	21.328	106.000
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	17.670.213	15.104.610
Afnotagjöld	41.578	39.778
Kostnaðarhlutdeild	5.700.000	3.200.000
Opinber gjöld	10.863	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	5.752.441	3.239.778
Annar rekstrarkostnaður samtals	23.716.619	18.537.957

Skýringar

	2023	2022
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	323.071	216.598
	<u>323.071</u>	<u>216.598</u>
	31.12.2023	31.12.2022
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	27.453.635	21.702.192
	<u>27.453.635</u>	<u>21.702.192</u>
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	581.662	182.404
	<u>581.662</u>	<u>182.404</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2023	664.230	664.230
Viðbætur á árinu	722.329	722.329
Selt/úrelt á árinu	(178.460)	(178.460)
	<u>1.208.099</u>	<u>1.208.099</u>
Afskriftir 01.01.2023	481.826	481.826
Afskrift ársins	323.071	323.071
Selt/úrelt á árinu	(178.460)	(178.460)
	<u>626.437</u>	<u>626.437</u>
Staða 31.12.2023	<u>581.662</u>	<u>581.662</u>
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
	31.12.2023	31.12.2022
Ógreitt orlof	5.512.936	4.710.896
	<u>5.512.936</u>	<u>4.710.896</u>

Skýringar

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	581.662	182.404
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	1.213.441	1.335.770
	<u>1.795.103</u>	<u>1.518.174</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	182.404	1.335.770	1.518.174
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	600.000	600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	722.329	(722.329)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(323.071)	0	(323.071)
	<u>581.662</u>	<u>1.213.441</u>	<u>1.795.103</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	21.887.378	7.938.961
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(2.348.961)
Afkoma ársins	6.470.893	16.297.378
Jöfnuður 31.12.	<u>28.358.271</u>	<u>21.887.378</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hafa verið gerðir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.